



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 19. janúar 2026, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson (Teams), Sigurbjörn Eiríksson, Lárus Sindri Lárusson (Teams), Sigrún Valþórsdóttir, Haraldur Pétursson

Fjarverandi: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir (Veik)

1. Umsóknir um starf framkvæmdastjóra.

Fimm umsóknir bárust og verið verður í að ræða við umsækjendur. Tveir fyrir hönd stjórnar taka viðtölin og skila svo sínu álit til stjórnar. Útbúinn verður skor-listi sem tekið verður mið af í viðtölunum.

2. Þorrablót

Þarf að senda inn skjöl fyrir tækisfærileyfið, hafa þau eins einföld og hægt er. Katla tekur að sér. Haraldur heyrir í kórnum og væntanlegum veislustjóra.

3. Vetrarleikar 1

Barna og unglingaráð tekur að sér að halda fyrstu vetrarleikana, þau þurfa einhvern stuðning við þessa skipulagning. Eftirfarandi atriði þurfa að vera klár: Dómari, skráning – tvær tölvur, posi, vöflubakstur, þulur, ritari, innkallari.

4. Viljayfirlýsing

Viljayfirlýsingin er í vinnslu hjá lögfræðing.

5. Reiðvegamál

Bréf frá annars vegar Ásdísi Bæjarstjóra Kópavogs og hins vegar Ármanni Halldórssyni, Deildarstjóra framkvæmdadeildar um reiðvegamál rædd. Málið er í vinnslu hjá Reiðvegnefnd.

6. Fjármál

Undirbúningur fyrir ársuppgjör í fullri vinnslu. Aðeins ein athugasemd borist við útsendum reikningum fyrir auglýsingar í Samskipahöllinni.

7. Önnur mál

Útleiga á tímum fyrir áhugamannadeildarlið sem ekki er með Sprettara innanborðs rædd.

Fundi slitið kl. 21:15

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson